

Verklagsreglur ef upp kemur smit hjá nemanda eða starfsmanni í MB

1. Veikindi. Nemandi/starfsmaður verður veikur. Fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.

2. Smitrakningarteymi hefur samband við starfsmann, nemandann/forráðamann og eftir atvikum við skólameistara.


- Nemandinn upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi. Nemandi hefur samband við skólann og upplýsir um stöðu mála.
- Starfsmaður upplýsir um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi. Starfsmaður hefur samband við skólameistara og upplýsir um stöðu mála

3. Tímabil sóttkvíar. Smitrakningarteymi gefur fyrirmæli um það

4. Úrvinnslusóttkví. Ef vafamál um umgengni eða samneyti nemanda við samnemendur eða starfsfólk koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði/svæðum lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.

Mikilvægt er að nemandi/starfsmaður haldi sig heima og mæti ekki í skólann ef hann byrjar að finna fyrir einkennum. Ef einkenni koma upp hjá nemanda er hann hvattur til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vaktsíma 1700

Nemandi – ferill



Starfsmaður

Starfsmaður með einkenni COVID - 19

Starfsmaður mætir ekki til starfa og fer í COVID-19 próf.

Hann er í sóttkví meðan beðið er eftir niðurstöðu og upplýsir skólameistara um gang mála.

Niðurstaðan neikvæð.

Starfsmaður er heima þar til einkenni eru horfin + 1 dagur.

Starfsmaður með COVID - 19

Smitrakningarteymi hefur samband við starfsmanninn og eftir atvikum skólameistara.

Starfsmaður upplýsir skólameistara.

Ákvörðun tekin um sóttkví nemenda og starfsfólks.

Starfsmaður er heima í einangrun skv. fyrirmælum yfirvalda.

Starfsmaður sem er nátengdur einstaklingi sem er greindur með COVID - 19

Starfsmaður fer í sóttkví og mætir ekki í skólann.

Athugað er hvort aðgerða er þörf gagnvart nemendum og starfsfólki sem viðkomandi hefur verið í samskiptum við

Starfsmaður er heima. Farið að öllum reglum um sóttkví